

M. gegn Sviss

Dómur frá 26. apríl 2011

Mál nr. 41199/06

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Útgáfa vegabréfs. Réttur til að ganga hjúskap.

1. Málsatvik

Kærandi, M, er svissneskur ríkisborgari. Hann fæddist árið 1942 og hefur búið um nokkurt skeið í Taílandi. Hann býr þar með taílenskum ríkisborgara. Saman eiga þau tvö börn en sambýliskona kæranda á sjálf þrjú börn. Kærandi fær greiddar örorkubætur frá svissneskum stjórnvöldum.

Í október 2004 óskaði kærandi eftir endurnýjun á vegabréfi sínu en það var nauðsynlegt til að hann gæti gifst sambýliskonu sinni. Svissneska sendiráðið í Taílandi hafnaði því að endurnýja vegabréfið með vísan til þess að kærandi væri eftirlýstur fyrir fjársvik í Sviss og þess vegna þyrfti hann að fara þangað til að fá vegabréfið endurnýjað. Kærandi hafði bent á að heilsufar hans væri bágborið og gæti hann því ekki farið flugleiðis til Sviss. Sendiráðið taldi aftur á móti að kærandi hefði ekki sýnt fram á að aðrar leiðir væru honum ófærar til ferðalaga.

2. Meðferð málsins fyrir Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að brotið hefði verið gegn réttindum hans samkvæmt 8. gr. sáttmálans þar sem ákvörðun svissneskra yfirvalda hefði veruleg áhrif á einkalíf hans og fjölskyldulíf. Honum hefði verið gert ómögulegt að ganga í hjúskap Taílandi. Loks hafði ákvörðunin staðið í vegi fyrir því að hann gæti lagst inn á spítala fyrir skurðaðgerð.

Niðurstaða

Um mat á því hvort skerðing friðhelgi einkalífs og fjölskyldu kæranda hefði verið nauðsynleg í lýðræðislegu samfélagi tók dómstóllinn fram að kæranda hefði verið ljóst að hann væri grunaður um fjársvik í Sviss og að hann hefði viljandi komið sér undan saksókn með því að flytja til Taílands. Aðildarríkin hefðu vítt svigrúm til mats á því hvort nauðsynlegt væri að saksækja fólk fyrir glæpi eða ekki og til hvaða rannsóknar- og saksóknaraðferða gripið væri til af því tilefni. Svissnesk yfirvöld hefðu rökstutt af hverju nauðsynlegt væri að kærandi kæmi til Sviss, en það væri til þess að hægt væri að fjalla um mál hans. Jafnframt hefðu þau sýnt fram á að þau gögn sem kærandi hafði framvísað um heilsufar sitt leiddu ekki ljós að hann gæti ekki ferðast til Sviss. Dómstóllinn vísaði einnig til þess að það úrræði sem gripið hafði verið gegn kæranda voru vægari en önnur úrræði sem svissneskum yfirvöldum stóð til boða til að bregðast við stöðunni. Til dæmist hefðu þau getað gefið út alþjóðlega handtökuskipun á hendur kæranda sem hefði leitt til þess að hann hefði verið fangelsaður þar í landi. Í ljósi meðferðar svissneskra yfirvalda á máli kæranda og þeirra hagsmuna, sem almenningur hefði af því að glæpamenn sættu refsingu fyrir brot sín, var talið að ekki hefði verið brotið gegn 8. gr. sáttmálans gagnvart kæranda.